

## Umfang og starfsemi

Stefna þessi fjallar um starfsemi Matvælastofnunar í lagareldismálum sem ætlað er að stuðla að ábyrgu lagareldi og standa vörð um heilbrigði og velferð lagardýra.

Löggjöf sem varðar lagareldi:

- lög um fiskeldi nr. 71/2008
- lög um varnir gegn fisksjúkdómum nr. 60/2006
- lög um velferð dýra nr. 55/2013
- lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993
- lög um skeldýrarækt nr. 90/2011
- lög um innflutning dýra nr. 54/1990
- reglugerð EB um smitandi dýrasjúkdóma (dýraheilbrigði) (ESB) 2016/429 (IS 462/2021)

## Stöðumat og helstu áskoranir

Lagareldi á Íslandi er í örum vexti og mótun. Matvælastofnun hefur fengið aukið fjármagn til að efla stjórnsýslu og eftirlit með lagareldi og hefur hafið uppbyggingu lagareldisdeildar með það að marki að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem og að ná heildaryfirsýn yfir málaflokkinn.

Ein helsta áskorun Matvælastofnunar varðandi lagareldi er þörf á endurskoðun lagaumhverfis greinarinnar þar sem stofnunin hefur ekki nægileg úrræði til þess að stuðla að góðum forvörnum og viðbrögðum. Þörf er á betri upplýsingatækni og stafrænum lausnum til þess að fá betri yfirsýn yfir stöðu lagareldis í landinu og einfalda ferla. Þar sem þekking á málaflokknum er sérhæfð er nauðsynlegt fyrir starfsfólk Matvælastofnunar að sækja þekkingu erlendis frá. Í því felst áskorun m.t.t. þjálfunar, fræðslu og endurmenntunar.

## Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn Matvælastofnunar er að eftirlit og stjórnsýsla lagareldis á Íslandi verði í fremstu röð og fyrirmynd annarra ríkja þar sem starfrækt er sambærileg starfsemi.

Meginmarkmið Matvælastofnunar er að stuðla að ábyrgu lagareldi og standa vörð um heilbrigði og velferð lagardýra með því að vakta og sannprófa, með samræmdum og markvissum hætti, að rekstraraðilar uppfylli kröfur viðeigandi laga og reglugerða. Einnig með því að stunda áhrifaríkar forvarnir í formi fræðslu og leiðbeininga sem og með því að tryggja fumláus viðbrögð við sérhverri ógn sem steðjar að lagareldi og líffræðilegum fjölbreytileika.

## Markmið

### Áhrifaríkar forvarnir

- Forvarnir fela í sér aðhald sem og fræðslu og leiðbeiningar til hagaðila um kröfur löggjafar.

### Árangursríkt eftirlit

- Árangursríkt eftirlit er áhættumiðað, ítarlegt, skilvirkt og skilar árangri.

### Fumlaus viðbrögð

- Fumlaus viðbrögð eru hröð, fagleg og byggð á verklagsreglum og viðbragðsáætlunum.

Samþykkt af yfirstjórn 10. desember 2024.